



19. September 2017

## Fréttatilkynning

### Veitir válisti vernd? Málþing um íslenska fuglaválistann

Hvenær: Föstudaginn 22. September kl. 15:00

Hvar: í Öskju, húsi Náttúrufræða við Háskóla Íslands

Fuglavernd, Háskóli Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands bjóða til málþings föstudaginn 22. september um válista fugla á Íslandi. Tilefnið er nýuppfærður listi Náttúrufræðistofnunar sem verður brátt aðgengilegur á vef stofnunarinnar. Fundurinn verður haldinn í Öskju, húsi Náttúrufræða við Háskóla Íslands frá kl. 15:00 og er öllum opin og aðgangur ókeypis. Boðið verður upp á léttar veitingar í lok fundarins.

Fjallað verður um válista almennt, lagalega stöðu hér á landi og á nágrannalöndunum og um þær fuglategundir sem hafa laka stöðu, bæði fargesti og staðbundnar tegundir. Jafnframt því að velta fyrir sér hversvegna sumar tegundir eiga frekar undir högg að sækja en aðrar verður velt upp spurningum um þýðingu válista fyrir tegundir í hættu og hvort lök staða ætti að kalla sjálfkrafa á viðbragsáætlun eða aðgerða að hálfu hins opinbera.

**Craig Hilton-Taylor** yfirmaður válista hjá IUCN Alþjóða náttúruverndarsamtökunum verður sérstakur gestur fundarins en hann mun meðal annars fræða okkur um hugmyndafræðina að baki válistum sem var þróuð af IUCN upp úr miðri síðustu öld. Umhverfis- og auðlindaráðherra **Björt Ólafsdóttir** ávarpar fundinn.

Þetta er áhugaverður fundur fyrir alla þá sem áhuga hafa á dýra- og náttúrvernd, lagalegi stöðu umhverfismála og ábyrgð okkar í alþjóðlegu umhverfi.

#### Dagskrá

- 15:00 Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar setur málþingið.
- 15:05 Umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttir, verður með ávarp.
- 15:15 Alþjóðlegir válistar.  
Craig Hilton-Taylor yfirmaður válistadeildar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN).
- 15:40 Íslenskir válistar.  
Starri Heiðarsson svíðstjóri hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 15:50 Fuglavernd og válistar.  
Menja Von Schmalensee svíðstjóri á náttúrustofu Vesturlands.
- 16:00 Nýr fuglaválisti.  
Kristinn Haukur Skarphéðinsson dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 16:20 Lundinn - algengasti fugl landsins á válista!  
Erpur Snær Hansen svíðstjóri viðstfræðirannsóknar hjá Náttúrustofu Suðurlands.
- 16:30 Rjúpan - vinsælasta veiðibráðin á válista!  
Ólafur Karl Nielsen vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 16:40 Sjálfbærar fuglaveiðar.  
Indriði Ragnar Grétarsson formaður Skotvís.
- 16:50 Fundarstjóri, Arnór Þórir Sigfússon, sér um samantekt og umræður.  
Léttar veitingar í dagskrárlok.



# Fuglavernd

Fundarstjóri er Arnór Þórir Sigfússon dýravistfræðingur hjá Verkís. Að undirbúningi komu Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Freydís Vigfúsdóttir, starfsmenn og stjórn Fuglaverndar.

Við þökkum umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og breska fuglaverndarfélaginu (RSPB) stuðninginn.

## Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

## Myndir meðfylgjandi

- A. Auglýsing fyrir viðburðinn.
- B. Álka.jpg Ljósmyndari: © Eyþór Ingi Jónsson. Álkur, en sú tegund er á válista.

## Hlekkir

[Viðburðurinn á vef Fuglaverndar](#)

[Viðburðurinn á Facebook](#)

[Skráning á málþingið](#)

## Nánari upplýsingar veitir

Hólmfríður Arnardóttir | framkvæmdastjóri Fuglaverndar | 562 0477 | 690 6070 | [holmfridur@fuglavernd.is](mailto:holmfridur@fuglavernd.is)